

ANTIKA EHF 2022

Fornleifaskráning Lágafell

Ragnheiður Traustadóttir, Rúna K. Tetzschner
og Hermann Jakob Hjartarson





Mynd 1. Myndin er sögð frá Lágafelli og tekin á hernámstímanum. Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar.

Forsíðumynd: Skotbyrgi [2889-1900] þar sem horft er yfir Mosfellsbæ.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Hermann Jakob Hjartarson

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-14-7

Verkefnanúmer MÍ: 2840

Höfundar tóku ljósmyndir í ritinu nema annað sé tekið fram.

© Ragnheiður Traustadóttir, Rúna K. Tetzschner og Hermann Jakob Hjartarson

Efnisyfirlit

Inngangur	6
Fornleifaskráningar	7
Skráningarsvæðið	7
Tilgangur fornleifaskráningar	9
Fornleifaskráning og aðferðir	12
Minjanúmer	12
Tegund, hlutverk og heiti	13
Staðsetning	14
Staðhættir og lýsing	14
Hættumat	14
Mótvægisáðgerðir	15
Fornleifar á svæðinu	15
Lágafell [234]	15
Bæjarstæði [2889-1898], útihús [2889-1899] manngerður hóll	17
Þingstaður [2840-1985] heimild	19
Kirkja [2840-1905] og kirkjugarður [2840-1906] heimild	19
Traðir [2840-1986] heimild	21
Útihús [2840-1903] hús	21
Útihús [2840-1987] heimild	22
Útihús [2840-1904] heimild	22
Skotbyrgi – herminjar [2889-1900] tóft	23

Skotgröf – herminjar [2889-1901] tóft	24
Leið [2889-1902] gata	24
Sléttur flötur – herminjar [2889-1907]	25
Túngarður [2889-1908], [2889-1912] garður og nátthagi [2889-1913] heimild.....	26
Leið [2889-1911] gata	27
Lækjarkot [2889-1910] heimild.....	28
Lágafell Camp [2840-2190]	30
Óþekktar tóftir [2840-2553] og [2840-2554]	31
Samantekt og niðurstöður.....	33
Kort.....	37
Árnastofnun – Örnefnasafn	37

Ljósmyndaskrá

Mynd 1. Myndin er sögð frá Lágafelli og tekin á hernámstímanum. Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar.	2
Mynd 2. Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Mosfellsbæ.	12
Mynd 3. Skráningarform í grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.	13
Mynd 4. Torfbær á Lágafelli árið 1895. V.m. sést stofuhúsið og h.m. minni torfhús. Framan við húsin er torfgarður og hallandi frá honum gróskumikill lággróður sem líkist kartöflugarði. Í baksýn sjást jökulsorfnar hæðir.	15
Mynd 5. Bæjarstæði og kirkja á Lágafelli. Húsin sem sjást vinstra megin hafa nú verið rifin. Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar.	17
Mynd 6. Manngerður hóll vestan við Lágafellskirkju: bæjarstæði [2889-1898] og útihús [2889-1899].	18

Mynd 7. Ójafnt svæði vestan kirkjunnar. Leynast eldri bæjarhús undir sverði?.....	18
Mynd 8. Lítið hús [2840-1903] norðan við bílaplan Lágafellskirkju.	22
Mynd 9. Steypt steinbygging [2840-1904].	23
Mynd 10. Leið [2889-1902].	25
Mynd 11. Upphækkaður flötur [2898-1907]; sennilega eru þetta herminjar.	26
Mynd 12. Horft yfir hvamminn; túngarður [2889-1908] liggur þvert yfir á myndinni.....	27
Mynd 13. Leið – slóði [2889-1911].	29
Mynd 14. Lágafell Camp [2840-2190] var þar sem Hlíðartúnshverfi er núna.....	30
Mynd 15. Tóft frá óþekktu mannvirki [2840-2553]; horft suðaustur.	31
Mynd 16. Tóft frá óþekktu mannvirki [2840-2554]; horft norður.	32

Kortaskrá

Kort 1. Skráningarsvæðið og minjar innan þess.	8
Kort 2. Minjar við kirkjuna og bæinn.	19
Kort 3. Túnakort Lágafells og Kotsins (Lækjarkots) frá 1916.....	20
Kort 4. <i>Herforingjaráðskort</i> árið 1909: Hér sést heimreiðin að Lágafelli og hugsanlega leið [2889-1902].	21
Kort 5. Skotgröf [2889-1901].	24
Kort 6. Gata [2889-1911] og garður [2889-1908].	28
Kort 7. Minjar [2840-2553] og [2840-2554].	32

Inngangur

Að beiðni Önnu Margrétar Tómasdóttur verkefnastjóra hjá Mosfellsbæ tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikvu ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags á jörðinni Lágafelli. Um er að ræða 49,4 ha. svæði milli Vesturlandsveggar, Reykjavegar og Skarhólabrautar. Íbúðahverfi eru nú þegar suðvestan og norðaustan megin á þessu svæði en til stendur að auka við byggðina. Skráningin fékk verknúmerið 2840 hjá Minjastofnun Íslands.

Innan deiluskipulagssvæðisins er bæjarstæði Lágafells með heilmiklum manngerðum hól, tvö túngarðsbrot og mögulega leifar náthaga, tvær gamlar götur, steinsteypt smábygging og herminjar eins og skotbyrgi, skotgröf og húsgrunnur. Við göngustíg austan megin á svæðinu eru auk þess tvær tóftir frá óþekktum mannvirkjum. Þessar minjar hafa allar verið mældar upp.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu. Birna Mjöll Sigurðardóttir, héraðsskjalavörður Mosfellsbæjar, hefur verið rannsókninni innan handar um ýmsar heimildir, ljósmyndir og annað sem tengist sögu staðarins. Henni og öðrum sem veittu aðstoð við gerð þessarar fornleifaskráningar er þökkud aðstoðin.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráningar

Í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem var gefin út árið 2006 er rakin saga Lágafells og er bæjarstæðið skráð ásamt kirkjunni sem stóð þar og fleiri minjum.¹ Þessi skýrsla var unnin upp úr eldri skráningargögnum en skipuleg skráning fornleifa í Mosfellsbæ hófst árið 1980 og var það fyrsta skráning sinnar tegundar á Íslandi. Í skýrslunni er að finna góðar lýsingar á fornleifum í sveitarfélaginu en hún er þó háð þeim takmörkunum að minjar voru ekki allar settar á kort og þær sem hafa ratað inn á vefsíða sveitarfélagsins eru oft ekki nákvæmt staðsettar enda voru mælingartæki á þeim tíma ekki jafn nákvæm og þau eru í dag.

Ragnheiður Traustadóttir skráði síðan fornleifar á vegum Antikva ehf. árið 2019 á afmörkuðu svæði jarðarinnar næst Vesturlandsvegi, milli Skarhólabrautar og Reykjavegar.² Í þeirri skráningu var notast við nýjustu staðla Minjastofnunar Íslands en samkvæmt þeim ber meðal annars að mæla upp allar minjar. Það var líka gert í skráningu Lágafells sem hér fer á eftir og er hún því viðameiri og nákvæmari en skráning á svæðinu frá árinu 2006 og fyrr. Lýsingar úr fyrri fornleifaskráningum eru þó nýttar þar sem við á.

Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið nær yfir fyrirhugað framkvæmdasvæði sem afmarkast af Vesturlandsvegi vestan megin og fjallinu Lágafelli og íbúðarhúsabyggð norðan megin en þar liggja mörkin fyrir sunnan Krikahverfi og austur að Reykjavegi. Smátota frá svæðinu nær yfir Reykjaveg en annars liggja mörkin austan megin meðfram veginum. Að sunnan afmarkast svæðið af Skarhólabraut og Hlíðartúnshverfi norðan hennar, næst Vesturlandsvegi. Á vestanverðu svæðinu er allt túnið á Lágafelli en Lágafellskirkja og mannvirki tengd henni eru norður undir fellinu sem jörðin er kennd við. Austar er óbyggt mólendi.

¹ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 121-124.

² Ragnheiður Traustadóttir, *Fornleifaskráning: Deiliskipulag Vesturlandsveggar*.



Kort 1. Skráningarsvæðið og minjar innan þess.

Hin fornu landamerki Lágafells náðu þó utan um stærra svæði og teygði jörðin sig allt að Leiruvogum, milli jarðanna Varmár að norðanverðu og Blikastaða að sunnanverðu. Sunnan megin lágu merki Lágafells að Kálfakoti, þ.e. seinna Úlfarsá, Lambhaga og Úlfarsfelli en austan megin að Stekkjarkoti, landinu sem nú nefnist Sólvellir, Reykjakoti og Suður-Reykjum.

Í Landamerkjabók segir:

„1. Milli Lágafells og Varmár: ræður lækjarfarvegur í sjó niður til norðurs, frá nefndum lækjarfarvegi til austurs í Markasteina, þaðan sjónhending beina leið í austustu þúfunu á Varmáarurð, og þaðan beina línu í Stóra Svartaklett og að Markakeldu.

2. Milli Lágafells og Stekkjarkots (Reykjakota): Úr Stóra Svartakletti beina línu í Skarhólaþúfunu, og þaðan til suðurs beina línu í Markaþúfu (á Markholti) sunnarlega í Hvömmunum.

3. Milli Lágafells og Úlfarsfells ræður bein stefna frá fyrnefndri Markaþúfu í Hvömmunum og í Stórahnúksþúfu á Lágafellsfjalli, þannig að þegar staðið er fyrir vestan Stórahnúksþúfu, þá beri hún hvorutveggja í Markaþúfu og Lalatorfu, sem er á milli Hafrahlíðar og Reykjaborgar.

4. Milli Lágafells og jarðanna Kálfakots og Lambhaga: Úr Stórahnúksþúfu, sem er austan til á Lágafellsfjalli til vesturs sjónhending vestur á Festi rétt við Kerlingarskarð.

5. Milli Lágafells og Blikastaða: Úr tjédri Festi beina línu í þúfu þá, sem er upp undan miðsteininum af svo kölluðum Marksteinum, úr þúfu þessari og Festinni beina línu norður í stóru þúfuna, sem er á Háhrossaskjólssási að vestan, sama bein lína þaðan í Díakrókalækinn, sem svo ræður mörkum ofan í sjó.

Frá Díakrókalæknum og að fyrrnefndum lækjarfarvegi á Lágafell land að sjó (Leirvogunum), og liggur vestur í Vogana svo kölluð Höfðæyri (Langitangi) sem tilheyrir Lágafellslandi.“³

Svona til skýrgreiningar þá var fjallið Úlfarsfell nefnt Lágafellsfjall.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

³ Landamerkjabók nr. 101.

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk

Þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirlönd hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráum með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirlönd skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.



Mynd 2. Skjaskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Mosfellsbæ.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifarnar og minjarnar færðar undir jörðina Lágfell. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig, ljósmyndir voru teknar af þeim öllum og þær mældar upp. Jafnframt voru gerð kort af stöðunum. Minjar á svæðinu voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á t.d. „Lækjarkot [2889-1910]” eða hlutverki þeirra t.d. „leið [2889-1902]”. Hjá sumum minjum er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Fyrsta númer innan hornklofa er verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands en seinna númerið er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva ehf. yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Mosfellsbæ. Ef minjar hafa verið skráðar áður er notast við eldra númerið. Númerin eru öll í meðfylgjandi fornleifaskrá.

Attributes	Text	Relations	Geo Objects	Documents	Events
Attribute	Value				
Id	1908				
Name	Túngarður - garður				
Class	Arkeologískt objekt				
Sérheiti					
Bæjarnafn	Lágafell				
Jarðatal Johnsen	234				
Flokkun	Búsetuminjar				
Tegund	Garðlag				
Leið					
Lengd	87 meter				
Breidd	1.2 meter				
Hæð	0,4 metrar				
Athugasemdir	Mótvægisáðgerðir: Könnunarskurð í garðinn athuga aldur hans.				
Umhverfi	Garðurinn er túni og myri norður af bæjarstæðinu.				
Svæði	<None>				
Túnakort	Túnakort 1916				
Heimildir					
Örnefnaskrá					
Aldur	1700-1900				
Skráning	RT				
Mæling	Uppmæling				
Ár	2017				
Dagur	19.12.2017				
Horfin	Nei				
Horfin_astæða	<None>				
Hættumat	Mikil hættu				
Hættuorso	Vegna vegagerðar				
Ástand	Illgreinanlegar fornleifar				
GPS hnit Norður	6409826				
GPS hnit Vestur	42846				
Verkefni	Deiliskipulag Vestulandsvegur				
Sveitarf	Mosfellsbær				

Mynd 3. Skráningarform í grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.d.

úti. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Lækjarkot [2889-2910], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. „túngarður [2889-1908]“ eða „leið [2889-1902]“.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Mosfellsbæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðháttum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vísað í aðrar heimildir.

Hættumat


Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna eða horfið vegna framkvæmda. Við skipulag framkvæmda er þó nauðsynlegt að taka tillit til heimilda því að fornleifar geta leynst undir sverðinum. Í þessu tilviki hafa átta fornleifar horfið eða eru eingöngu þekktar af heimildum.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögur að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.

Fornleifar á svæðinu



Mynd 4. Torfbær á Lágafelli árið 1895. V.m. sést stofuhúsið og h.m. minni torfhús. Framan við húsinn er torfgarður og hallandi frá honum gróskumikill lággróður sem líkist kartöflugarði. Í baksýn sjást jökulsorfnar hæðir.

Lágafell [234]

Jörðin Lágafell er fyrst nefnd í skrá frá 1395 um jarðir sem komu undir Viðeyjarklaustur eftir að Páll varð ábóti í Viðey. Lágafell er þar skráð 20 hundraða jörð.⁴ Árið 1541 var ný kirkjuskipan samþykkt um Skálholtsbiskupsdæmi. Þá hafði konungur slegið eign sinni á klaustureignir í ríki sínu og svo varð einnig hér á landi. Þróunin gat því ekki orðið á annan veg

⁴ Íslenskt fornbréfasafn, III, 598.

en að Lágafell yrði konungsjörð og árið 1547 fékk séra Jón Bárðason „lífsbréf“ af konungi fyrir ábýlisjörð sinni „Laugefeldt“, þ.e. Lágafelli.⁵ Á þeim tíma var kirkja [1905] að Lágafelli.

Jörðin var skráð með leigu og landskyldu í *Fógetareikningum* Kristjáns skrifara og Eggerts Hannessonar frá 1547-1552. Leigan, landskylda og skreiðargjaldsreikningar þessir voru af konungsjörðum í Borgarfirði, Viðeyjarklaustursjörðum, öðrum konungsjörðum í Kjalarnespingi og af Skóga- og Merkureignum.⁶ Lágafell var enn í eigu konungs þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín skráðu jarðir í Mosfellssveit árið 1703 og voru ábúendur tveir, Jón Ólafsson sem bjó á hálfri jörðinni með sjö heimilismenn og Þorvaldur Teitsson á hálfri með sex heimilismenn.⁷ Jarðardýrleiki var ekki skráður þá en í *Jarðatali* Johnsens árið 1847 taldist Lágafell vera 20 hundraða jörð.⁸ Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* frá 1861 var Lágafell einnig skráð 20 hundraða jörð að fornu mati en samkvæmt nýrra mati 24,40 hundruð og með hjáleigunni Lækjarkoti 28,70 hundruð.⁹

Eftir langt hlé var aftur reist kirkja á Lágafelli undir lok 19. aldar og sátu prestar Mosfellinga þar um skeið. Á tímabili var Landssímastöð á Lágafelli en hún var lögð niður 7. júní árið 1918.¹⁰ Á þriðja áratug 20. aldar keypti svo athafnamaðurinn Thor Jensen jörðina og bjó hann á sínum efri árum í íbúðarhúsinu sem þar stendur enn.¹¹

⁵ Íslenzkt fornbrefasafn, XI, 593.

⁶ Íslenzkt fornbrefasafn, XII, 111, 137, 152, 137, 391-434.

⁷ Jarðabók III, 313-315.

⁸ Jarðatal á Íslandi, 95.

⁹ Ný jarðabók fyrir Ísland, 40-41.

¹⁰ „Frá Landsímanum“, 4.

¹¹ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 258-2259.



Mynd 5. Bæjarstæði og kirkja á Lágafelli. Húsin sem sjást vinstra megin hafa nú verið rifin. Héraðskjalasafn Mosfellsbæjar.

Bæjarstæði [2889-1898], útihús [2889-1899] manngerður hóll

Af ritheimildum að dæma hefur verið samfelld byggð á Lágafelli að minnsta kosti frá því á 14. öld. Á ljósmynd sem tekin var af Lágafellsbænum árið 1895 sést að þá voru þar enn torfhús en samkvæmt túnakorti frá 1916 og ljósmynd frá fyrri hluta 20. aldar höfðu þar hins vegar verið byggð þrískipt steinhús á þeim tíma. Á túnakortinu sjást líka útihús [2889-1899] með áfastri rétt sem stóðu vestar en bæjarhúsin. Kálgarðar eru norðan og sunnan við húsin.¹² Nú eru bæði torfhúsin og steinhúsin horfin og sléttað hefur verið yfir gamla bæjarstæðið [2889-1898] á Lágafelli. Hluti þess er undir kirkjugarðinum og sennilega undir veginum að kirkjunni.

Á vettvangi eru greinilegar mannvistarleifar, heilmikil hóll [2889-1898] rétt neðan við veginn og kirkjuna. Útihúsin [2889-1899] stóðu að vísu þarna þegar túnakortið var gert en miðað við umfang hólans má ætla að hann geymi bæði eldri minjar og lengri sögu. Svæðið í kring er einnig mjög ójafnt og gætu byggingaleifar leynst undir sverði. Mikilvægt er að vernda hólinn vegna þeirra minja sem hann kann að geyma og einnig þarf að fara varlega í nánasta nágrenni hans.


¹² Túnakort Lágafells 1916.



Mynd 6. Manngerður hóll vestan við Lágafellskirkju: bæjarstæði [2889-1898] og útihús [2889-1899].



Mynd 7. Ójafnt svæði vestan kirkjunnar. Leynast eldri bæjarhús undir sverði?



Kort 2. Minjar við kirkjuna og bæinn.

Þingstaður [2840-1985] heimild

Þórður Jónasson segir í sýslulýsingu árið 1852 að á Lágafelli sé þingstaður fyrir Mosfellssveitarhrepp.¹³

Kirkja [2840-1905] og kirkjugarður [2840-1906] heimild

Fyrstu vísbendingu um bænhús eða kirkju að Lágafelli er að finna í *Fógetareikningum* þar sem greint er frá tveimur kirkjukúgildum að Lágafelli og að séra Jón hafi fengið landskuldina eða eina kú í kaup. Í reikningum frá árunum 1547-1548 segir: „Jtem med Lagefeldt ij kýrckequelleld. landskyldt en ko. thenne tog sere Ioen ij sin kop.“¹⁴ Í reikningunum frá 1548-1549 er orðalagið nánast eins: „Jtem mett Lagefeldt ij kýrckequellelder landskyldt j c tog sere Ion thene ko j sit kop.“¹⁵ Í reikningum frá 1549-1550 segir síðan: „Jtem mett Lagefeldt ij kirkekior landskyldt er j c. tog sere Ion thene landskyldt j sit kop.“¹⁶ Séra Jón var Bárðarson og áður prestur í Gufunesi. Hann fékk byggingarbréf eða „lífsbréf“ frá konungi fyrir ábýlis-

¹³ Þórður Jónasson, „Stutt lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu 1852“, 48; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 234-6.


¹⁴ *Íslenskt fornbréfasafn*, XII, 110.

¹⁵ *Íslenskt fornbréfasafn*, XII, 152.

¹⁶ *Íslenskt fornbréfasafn*, XII, 172.

jörð sinni, Lágafelli, árið 1547.¹⁷ Í kirknamáldögum frá því um 1600 kemur fram að bænhús og kirkjukúgildi hafi verið bæði að Lágafelli og Varmá en að þau séu aflögð.¹⁸ Einungis eru því heimildir um kirkju á Lágafelli um miðja 16. öld og gæti það bent til þess að notkun hennar hafi einskorðast við stutt tímabil. Óljóst er hvar þessi miðaldakirkja hefur verið staðsett en væntanlega hefur kirkjustæðið verið nálægt bæjarstæðinu.

Því fer fjarri að kirkja hafi verið samfelld á Lágafelli allt frá 16. öld en hins vegar var ráðist í byggingu nýrrar kirkju árið 1887 og var hún vígð 1889. Lágafellskirkja var endurbyggð og endurvígð árið 1931 og aftur á sjötta áratugnum og stendur hún enn.¹⁹




Kort 3. Túnakort Lágafells og Kotsins (Lækjarkots) frá 1916.

¹⁷ Íslenskt fornbréfasafn, XI, 593.

¹⁸ Sveinbjörn Rafnsson, „Kirkja frá síðmiðöldum að Varmá“, 40-41 o.þ.tilv.rít; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 234-11.

¹⁹ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 220-221.



Kort 4. Herforingjaráðskort árið 1909: Hér sést heimreiðin að Lágafelli og hugsanlega leið [2889-1902].

Traðir [2840-1986] heimild

Á Herforingjaráðskorti Dana frá árinu 1909 virðist heimreiðin að Lágafelli beygja suðvestur frá aðalleið [2889-1902]. Á túnakorti frá 1916 eru hins vegar sýndar traðir sem liggja suðaustur um túnið meðfram giljum og brekkum, að bæjarhúsum og áfram austur að kirkjunni.²⁰ Ekkert sést lengur af þessum tröðum.

Útihús [2840-1903] hús

Svolítið steinsteypt útihús með bárujárnsþaki er fast norðan við bílaplanið við kirkjuna. Dyrnar snúa í norðvestur. Byggingin er ekki sýnd á túnakortinu 1916 og er líklega byggð síðar. Þótt húsið sé varla hundrað ára gamalt fer vel á því í minjalandslaginu kringum Lágafell og hefur það nokkurt gildi sem slíkt.

²⁰ Túnakort Lágafells 1916.



Mynd 8. Litið hús [2840-1903] norðan við bílaplan Lágafellskirkju.

Útihús [2840-1987] heimild

Túnakort Lágafells sýnir stakt torfhús, líklega útihús, austan við bæjarhúsin og norðan við kirkjuna.²¹ Tóft hússins var enn greinileg við fornleifaskráningu 1980²² en er nú horfin og hefur líklega farið undir bílaplanið við kirkjuna.

Útihús [2840-1904] heimild

Undir fellinu í norðausturhorni túnsins sýnir túnakort stakt hús. Miðað við teikninguna er það byggt úr grjóti og torfi, ef til vill standpíl sem snýr í suður, og minna hólf er við austurendann.²³ Þetta útihús virðist vera horfið en steinsteypt hús [2840-1904] stendur nú á þessum slóðum.

²¹ Túnakort Lágafells 1916.

²² Lágafell 125636-234-14: Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 234-14.

²³ Túnakort Lágafells 1916; Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 234-15.



Mynd 9. Steypt steinbygging [2840-1904].

Lítið steypt steinhús með gluggum er undir Lágafelli, norðaustast í túninu. Norðurhliðin er grafin inn í hliðina sem myndar að nokkru leyti vegginn þeim megin. Vestur- og austurhliðar eru einnig niðurgrafnar að hluta og lægra hólf gengur út úr austurveggnum. Þetta mannvirki er á svipuðum slóðum og hús sem sýnt er á túnakorti árið 1916 en er þó líklega yngra. Rör standa út úr suðurveggnum og byggingin er full af vatni. Ekki er víst að þetta sé hundrað ára gamalt hús en það er þó hluti af minjarlandslagi Lágafells og hefur nokkurt minjagildi. Hugsanlega er þetta vatnsgeymar frá hernum.

Skotbyrgi – herminjar [2889-1900] tóft

Skotbyrgi er á hæsta hólnum í túninu á Lágafelli, vestan við bæjarstæðið og austan við Vesturlandsveg. Byrgið er 3,5 x 3,1 m á lengd og breidd, næstum hringlaga og að mestu niðurgrafið, en smáir veggir í kring sem gætu hafa myndast af uppmokstrinum. Hermenn í skotbyrginu hafa haft gott útsýni yfir Mosfellssveit. Skotbyrgið er mjög vel varðveitt og hefur

bæði mikið minjagildi og fræðslu- eða upplifunargildi. Mynd af því má sjá á forsiðu skýrslunnar.

Skotgröf – herminjar [2889-1901] tóft

Í túninu vestan við Lágafellskirkju og 14 metrum austan við göngustíginn sem liggur meðfram Vesturlandsvegi er skotgröf. Hún er 34 m á lengd og um 6,4 m á breidd með inngangi vestan megin. Skotgröfin er ágætlega varðveitt og hefur því bæði töluvert minjagildi og fræðslugildi.



Kort 5. Skotgröf [2889-1901].

Leið [2889-1902] gata

Á túninu er að finna nokkrar leiðir eða slóða. Einhverjar þeirra eru eftir veru hersins á svæðinu. Ekki voru allir smáslóðar mældir inn enda sumir frekar ógreinilegir. Leið [2889-1902] er hins vegar ágætlega varðveitt og fer í gegnum allt túnið að bæjarstæðinu og útihúsinum. Þetta eru þó ekki traðirnar að Lágafelli sem voru norðan megin. Keyrt hefur verið eftir veginum en kannski var hann upphaflega reiðvegur. Þetta gæti verið vegurinn sem á *Herforingjaráðskorti Dana* frá árinu 1909 sést liggja norðaustur milli Lágafells og hjáleigunnar Lækjarkots, austur um túnið að Lágafelli og svo áfram austur að Suður-Reykjum

og Reykjakoti; kvísl [2720-2546] frá honum liggur einnig norður að Varmá. Vegurinn milli Lágafells og Lækjarkots er einnig merktur inn milli túna bæjanna á túnakortinu árið 1916.²⁴ Þetta er sennilega gömul gata sem hefur verið hluti af samgöngukerfi Mosfellssveitar og felst minjagildi hennar einkum í því.



Mynd 10. Leið [2889-1902].

Sléttur flötur – herminjar [2889-1907]

Rétt neðan við skotbyrgi [2889-1900] er sléttur upphækkaður flötur, um 6 m langur og 4 m breiður. Hugsanlega hefur verið pallur þarna eða lítið hús og virðast minjarnar vera mjög ungar. Sennilega tengjast þær veru hersins á Lágafelli.

²⁴ Túnakort Lágafells 1916.



Mynd 11. Upphækkaður flötur [2898-1907]; sennilega eru þetta herminjar.

Túngarður [2889-1908], [2889-1912] garður og nátthagi [2889-1913] heimild

Túnakortið frá 1916 sýnir túngarð eða girðingu utan um allt túnið á Lágafelli, nema hvað fellið er norðan megin með grösugum giljum og brekkum. Svo virðist sem sléttað hafi verið úr honum að mestu en leifar sjást þó af honum og skýrastar [2889-1908] eru þær á frekar blautu og þýfðu svæði rétt utan hins sléttaða túns.

Hugsanlega hefur þarna verið nátthagi [2889-1913] sem greint var frá við fornleifaskráningu 1980 en ekki hefur verið unnt að staðsetja með vissu. Guðmundur Þorláksson, bóndi á Seljabrekku (f. 1894), mundi eftir nátthaga á Lágafelli á nokkuð stóru svæði, upp undir hektara, sem var girtur af með gördum og skurðum. „Það var stunginn skurður allt í kring og það sem upp úr honum kom var hlaðið í garða.“²⁵ Svo virðist einmitt sem stungið hafi verið upp norðan við túngarðinn þarna þegar hann er hlaðinn og hann girðir líka lítinn hvamm. Niður í hvamminn liggur auk þess gata [2889-1911] frá bæjarstæðinu og útihúsum. Fyrir utan túngarðsbrotið við hvamminn virðist mega greina annað túngarðsbrot [2889-1912] á loftmynd

²⁵ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, nr. 234-2.

rétt ofan við skotgröf [2889-1901]. Þessi túngarðsbrot eru vafalítið gömul og hafa mikilvægt minjagildi sem hluti af búsetulandslagi Lágafells. Þau eru hins vegar ógreinileg í landslaginu og hafa því lítið upplifunargildi fyrir almenning.



Mynd 12. Horft yfir hvamminn; túngarður [2889-1908] liggur þvert yfir á myndinni.

Leið [2889-1911] gata

Leið eða slóði liggur niður í smáan hvamm með túngarði [2889-1908] upp að útihúsum [2889-1899] og bæjarstæði [2889-1898]. Þetta er að öllum líkindum gömul gata og hefur hún minjagildi sem hluti af búsetulandslagi Lágafells.



Kort 6. Gata [2889-1911] og garður [2889-1908].

Lækjarkot [2889-1910] heimild

Kotið er ekki nefnt í *Jarðatali* J. Johnsens 1847 en síra Stefán Þorvaldsson getur þess í „Lýsingu Mosfells- og Gufunessókna 1855“ sem hjáleigu frá Lágafelli „sem stundum er byggð“. ²⁶ Í *Nýrri jarðabók* frá 1861 er Lágafell talin 20 hundraða jörð samkvæmt fornu mati en 24,40 hundruð samkvæmt nýju mati og 28,7 hundruð með hjáleigunni Lækjarkoti. ²⁷ Samkvæmt því hefur hjáleigan verið 4,3 ný hundruð. Á túnakorti frá 1916 er kotbýlið sýnt ásamt garðlagi og tóft frá útihúsi suðvestan við bæjarstæði Lágafells. Ekki hefur verið hlaðinn túngarður umhverfis túnið en girt meðfram vegi [2889-1902] sem liggur austan þess. ²⁸ Kotið virðist enn hafa verið í ábúð þegar túnakortið var gert en hefur lagst af einhvern tímann fyrir árið 1922 þegar fasteignabók var tekin saman og þá verið lagt undir Lágafell. ²⁹ Samkvæmt örnefnalýsingu 1976 var Lækjarkot „býli neðanvert við Lágafell.“ ³⁰ Einnig kemur fram að lækur sem rennur um túnið á Blikastöðum heiti neðst Lækjarkotslækur en ofar Lágafellslækur. ³¹ Engin ummerki hafa fundist um Lækjarkot. Það hefur verið nálægt

²⁶ Stefán Þorvaldsson, „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna 1855“, 231.

²⁷ *Ný jarðabók fyrir Ísland*, 40-41.

²⁸ *Túnakort Lágafells 1916*.

²⁹ *Fasteignabók*; Björn Bjarnason, „Kjósarsýsla“, 108.

³⁰ Ö-Lágafell ÁJ.

³¹ Ö-Lágafell AG.

núverandi farvegi Vesturlandsvegur og gæti hafa farið undir hann. Lækjarkot er fyrir utan skipulagssæðið.



Mynd 13. Leið – slóði [2889-1911].



Mynd 14. Lágafell Camp [2840-2190] var þar sem Hlíðartúnshverfi er núna.

Lágafell Camp [2840-2190]

Á stríðsárunum komu Bretar og Bandaríkjamenn upp herbúðum víðs vegar um Mosfellssveit og leigði herliðið meðal annars stórhýsi við Hlíðartún sem Thor Jensen hafði byggt fyrir kúabúskap. Þar var herinn með birgðageymslur og verkstæði fyrir tæknibúnað, ökutæki og vopn og nefndust búðirnar Lágafell Camp. Þetta var ofarlega á því svæði sem síðar varð Hlíðartúnshverfi milli Lágafells og Úlfarsfells; sjálft stórhýsið stóð þar sem göturnar Rauðamýri og Hamratún eru nú.³² Búðirnar eru alveg horfnar undir íbúðarhúsabyggð.

³² Friðþór Eydal, *Hersetan í Mosfellssveit og Kjalarnesþingi 1940-1944*, 5-6, 42, 118.



Mynd 15. Tóft frá óþekktu mannvirki [2840-2553]; horft suðaustur.

Óþekktar tóftir [2840-2553] og [2840-2554]

Tvær tóftir eru austan við Lágafellskirkju, rétt neðan eða sunnan við göngustíg. Þær eru nokkurn veginn miðja vegin milli kirkjunnar og Krikahverfis, íbúðarhúshverfis undir austurhlíðum Lágafells. Vestri tóftin [2840-2553] hefur nánast hringlaga form og virðist vera inngangur á henni sunnan megin. Eystri tóftin [2840-2554] er meira sporöskjulaga og eru op á henni bæði sunnan og norðan megin. Hleðslugrjót er ekki sýnilegt. Óvíst er hvaða tilgangi þessi mannvirki hafa þjónað. Þau hafa væntanlega annað hvort tengst búskapnum á Lágafelli eða umsvifum hersins á svæðinu. Ekki er heldur gott að segja til um aldur en þessar minjar geta varla talist hafa mikið minjagildi.



Kort 7. Minjar [2840-2553] og [2840-2554].



Mynd 16. Tóft frá óþekktu mannvirki [2840-2554]; horft norður.

Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu voru skráðar 21 minjar, þar af 12 sem eru sýnilegar á vettvangi en hinar eru horfnar eða einungis þekktar af heimildum. Af þessum minjum eru að minnsta kosti 15 fornleifar, tvær minjar eru sennilega yngri en 100 ára og því ekki fornleifar og fjórar eru herminjar.

Hér er einkum mikilvægt að gæta að hinu gamla bæjarstæði Lágafells sem er innan eða á mörkum svæðisins. Lágafell á langa ábúðarsögu að baki, að minnsta kosti frá því á 14. öld, og er líklegt að bæirnir hafi verið staðsettir þarna undir fellinu í gegnum aldirnar. Jafnframt má þó ætla að byggingar hafi eitthvað verið færðar til. Síðasta bæjarstæðið hefur líklega að hluta lent undir kirkjugarðinum og veginum að þeirri kirkju sem nú stendur á Lágafelli.

Myndarlegur manngerður hóll [2889-1898] er þó neðan við veginn og kirkjuna. Þar stóðu útihús [2889-1899] um 1916 en hóllinn er svo mikill um sig að eldri minjar hljóta að leynast í honum líka og er ekki óhugsandi að fyrri bæir hafi staðið þarna. Svæðið í nágrenni hólsins er einnig mjög ójafnt og gætu byggingaleifar leynst þar undir sverði. Hóllinn hefur tvímælalaust mikið minjagildi og þyrfti að afmarka hann og svæðið í kringum hann. Auk þess verður að hafa í huga að fleiri merkar minjar gætu leynst í jörð á þessu svæði því vitað er að kirkja [1905] var á Lágafelli á 16. öld og við hana hefur þá væntanlega verið kirkjugarður [2840-1906]. Gamla kirkjustæðið er óþekkt og allsendis óvíst að það hafi verið þar sem núverandi kirkjustæði er. Kirkjan hlýtur þó að hafa verið nálægt bænum.

Aðrar minjar tengdar Lágafellsbænum eru tvö gömul túngarðsbrot [2889-1908] og [2889-1912]. Túngarður [2889-1908] er auk þess mögulega leif af gömlum nátthaga [2889-1913] sem ekki hefur tekist að staðsetja áður. Túngarður [2889-1908] er þó ógreinilegur í umhverfinu og túngarður [2889-1912] sést einungis á loftmynd. Þessar minjar hafa minjagildi sem hluti af búskaparlandslagi Lágafells en hins vegar lítið gildi til upplifunar fyrir almenning nema þeim fylgi nánari skýringar eða leiðsögn.

Tvær gamlar leiðir eru varðveittar á svæðinu. Gata [2889-1911] liggur niður í litla hvamminn með túngarðinum [2889-1908] þar sem nátthaginn hefur hugsanlega verið og upp að útihúsum [2889-1899] og bæjarstæði [2889-1898]. Þarna er því tenging milli minjanna gegnum götuna. Hún er vafalaust gömul og hefur minjagildi sem hluti af hinu forna búsetulandslagi Lágafells. Leið [2889-1902] virðist sjást á herforingjaráðskorti árið 1909 og er líklega einnig merkt inn á túnakortið 1916. Keyrt hefur verið eftir henni þegar bílar komu til en þetta gæti verið forn reiðgata. Leiðin er vel varðveitt gegnum allt túnið að bæjarstæðinu. Þarna er mögulega leif af

hinu gamla samgöngukerfi Mosfellssveitar og hefur gatan minjagildi sem slík. Þetta er þó einungis stígar eða slóðar og gildir sama um þessar götur og túngarðsbrotin að þær hafa varla mikið skoðunargildi fyrir almenning nema útskýringar komi til.

Upp undir Lágafelli, þ.e. sjálfu fellinu, austan við bæjarstæðið og kirkjuna, er snoturt lítið steyppt steinhús [2840-1904] sem grafið hefur verið inn í fellshlíðina. Annað lítið steinsteyppt hús er rétt norðan við bílapan Lágafellskirkju. Þessar byggingar eru sennilega ekki hundrað ára gamlar og því ekki friðaðar vegna aldurs. Hins vegar eru þær heillegar og koma skemmtilega fyrir í landslaginu og hafa þannig nokkurt minjagildi. Tóft frá útihúsi [2840-1987] sem var skráð norðan kirkjunnar árið 1980 fannst hins vegar ekki núna og hefur hún ef til vill horfið undir bílapanið.

Einnig voru tvær tóftir frá óþekktum mannvirkjum [2840-2553] og [2840-2554] skráðar á svæðinu austanverðu, rétt neðan við göngustíg. Ekki er hægt að segja til um hlutverk þeirra en þær eru ógreinilegar. Þessar tóftir geta varla talist hafa mikið gildi. Ef þessar minjar fara undir byggingareiti þyrfti líklega að fara fram lítilsháttar rannsókn á staðnum til að kanna hlutverk og aldur.

Aðrar minjar tengdar búskaparsögu Lágafells sjást ekki á yfirborði og ber sérstaklega að nefna hjáleiguna Lækjarkot [2889-1910] sem staðsett var suðvestan við Lágafellsbæinn, vestan við leið [2889-1902]. Bæjarstæði hennar kann að hafa lent undir Vesturlandsvegi.

Allar minjarnar voru mældar upp og staðsettar á kort. Forðast ber að hrófla við gamla bæjarstæðinu [2889-1898]-[2889-1899] en verði aðrar minjar [2889-1908]-[2889-1912]-[2889-1902]-[2889-1911]-[2840-2553]-[2840-2554] sem eru innan svæðisins að víkja vegna framkvæmda þarf leyfi Minjastofnunar Íslands fyrir því. Minjastofnun ákveður þá hvort fullnægjandi hafi verið að mæla þær upp eða hvort þurfi að rannsaka þær frekar.

Fjórar herminjar voru einnig skráðar og mældar upp innan svæðisins en herinn hafði bækistöðvar í Lágafell Camp [2840-2190] sem komið var upp á stríðsárunum þar sem Hlíðartúnshverfi er nú. Þessar búðir hafa verið rétt utan við skráningarsvæðið en voru hafðar með vegna samhengisins. Engin merki sjást lengur um Lágafell Camp en minjar um umsvif hersins á svæðinu eru vel varðveitt skotbyrgi [2889-1989] og skotgröf [2889-1901] sem hafa í senn mikið minjagildi og fræðslu- og skemmtigildi fyrir almenning. Auk þeirra er á svæðinu

fremur unglegur húsgrunnur eða pallur [2889-1907] sem líklega er frá hernum en hann hefur minna gildi.

Herminjar njóta ekki sjálfkrafa aldursfriðunar samkvæmt lögum um menningarminjar en hafa þó mikilvægt gildi sem vitnisburður um tíma heimstýrjaldar og þátttöku Íslands í þessum miklu stríðsátökum mannkyns og kalda stríðinu sem á eftir kom. Þetta eru áþreifanlegar efnislegar minjar um stríðsárin sem hafa sérstöðu og mikið sögulegt gildi. Þær geta vafalaust dýpkað söguskilning almennings og auðgað reynsluna af umhverfinu. Fullyrða má að þær hafi alþjóðlegt minjagildi. Sjálfsagt og mikilvægt er að skrá þessar minjar og reyna að vernda þær eftir því sem hægt er. Í lögnum er heimild til þess að friðlýsa yngri minjar, en um þau efni hefur þó hvorki skapast hefð né opinber stefna verið mörkuð. Mörgu hefur þegar verið eytt en því mikilsverðara er að herminjar finnast enn þá víða í Mosfellsbæ.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög, sem og stríðsminjum. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“.

Heimildir

Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2006.

Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson. *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*. Reykjavík: Þjæxi, 2005.

Björn Bjarnason. „Kjósarsýsla.“ Í *Ýmsar ritgerðir: Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, II. Reykjavík: Félagið Ingólfur, 1936-1940. Bls. 90-109.

Fasteignabók: Löggilt af stjórnarráði Íslands samkvæmt lögum nr. 22, 3. nóv. 1915. Öðlast gildi 1. apríl 1922. Reykjavík, 1921.

Friðþór Eydal, *Hersetan í Mosfellsdal og Kjálarnesþingi 1940-1944*. Óprentuð ritgerð.

Íslenskt fornbréfasafn, III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1896.

Íslenskt fornbréfasafn, XI. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1915-1925.

Íslenskt fornbréfasafn, XII. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1923-1932.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla, III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálalabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1889, 1890, 1919, 1923 og 1926.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn, 1861.

Ragnheiður Traustadóttir. *Fornleifaskráning: Deiliskipulag Vesturlandsvegar, frá Skarhólabraut að Reykjavegi, í Mosfellsbæ*. Reykjavík: Antikva ehf., 2019.

Þórður Jónasson. „Stutt lýsing á Gullbringu- og Kjósarsýslu 1852.“ Í *Sýslulýsingar og sóknalýsingar: Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, III. 1. Reykjavík: Félagið Ingólfur, 1937-1939. Bls. 46-56.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna 1855.“ Í *Sýslulýsingar og sóknalýsingar: Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess*, III. Reykjavík: Félagið Ingólfur, 1937-1939. Bls. 221-240.

Sveinbjörn Rafnsson. „Kirkja frá síðmiðöldum að Varmá.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, 67, 1970, bls. 31-49.

„Frá Landssímanum.“ *Vísir*, 8. árg., 154. tbl., 8. júní 1918, bls. 4

Kort

Herforingjaráðskort Dana: Mosfellsheiði. Kaupmannahöfn, 1909.

Túnakort Lágafells 1916.

Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Lágafell ÁJ: *Örnefnalýsing Lágafells í Mosfellssveit*. Athugasemdir Árna Jónssonar við örnefnalýsingu Ara Gíslasonar. [Ekkert ártal].

Ö-Lágafell AG: *Örnefnalýsing Lágafells í Mosfellssveit*. Ari Gíslason skráði. [Ekkert ártal].

Nr.	2840-1901	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	2840-1901	Jarðatalsnr.	234
Svæði	Lágafellstún	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Byrgi	Tegund	Niðurgröftur	Flokkun	Herminjar		
Sérheiti	Lágafell Camp	Verndun	Annað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Greinanlegar minjar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1940-1945	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið			Umhverfi	Skotbyrgið er í túninu vestan við			
Lengd	34 m	Breidd	6,4 ,	Hæð	1,0 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	367830,023						
Isnet N	409420,342	Minjagildi					
Ljósmyndari		Loftmyndir ehf	Mótvægisaðgerðir				



Í túninu vestan við Lágafellskirkju og 14 metrum austan við göngustíginn sem liggur meðfram Vesturlandsvegi er skotgröf. Hún er 34 metrar á lengd og um 6,4 m á breidd með inngangi vestan megin. Skotgröfin er ágætlega varðveitt og hefur því bæði töluvert minjagildi og fræðslugildi.

Nr.	2840-1903	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	234
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Óþekkt	Tegund	Hús	Flokkun	Búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Uppistandandi hús	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið		Umhverfi	Lítið hús norðan við bílaplan Lágafellskirkju.				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	368132,306						
Isnet N	409453,156						
Ljósmyndari		RT	Mótvægisaðgerðir				



Svolítið steinsteypt útihús með bárujárnsþaki er fast norðan við bílaplanið við kirkjuna. Dyrnar snúa í norðvestur. Byggingin er ekki sýnd á túnakortinu 1916 og er líklega byggð síðar. Þótt húsið sé varla hundrað ára gamalt fer vel á því í minjalandslaginu kringum Lágafell og hefur það nokkurt gildi sem slíkt.

Nr.	2840-1904	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	234
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Óþekkt	Tegund	Hús	Flokkun	Búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand		Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1850-1930	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið		Umhverfi	Norðaustur af kirkjugarðinum á sléttri flöt.				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Túnakort 1916	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	368257,706						
Isnet N	409410,641		Minjagildi	Ekki metið			
Ljósmyndari	HJH	Mótvægisaðgerðir					



Undir fellinu í norðausturhorni túnsins sýnir túnakort stakt hús. Miðað við teikninguna er það byggt úr grjóti og torfi, ef til vill standþil sem snýr í suður, og minna hólfi er við austurendann. Þetta útihús virðist vera horfið en steinsteypthús [2840-1904] stendur nú á þessum slóðum. Lítið steypthús með gluggum er undir Lágafelli, norðaustast í túninu. Norðurhliðin er grafinn inn í hliðina sem myndar að nokkru leyti vegginn þeim megin. Vestur- og austurhliðar eru einnig niðurgrafnar að hluta og lægra hólfi gengur út úr austurveggnum. Þetta mannvirki er á svipuðum slóðum og hús sem sýnt er á túnakorti árið 1916 en er þó líklega yngra. Rör standa út úr suðurveggnum og byggingin er full af vatni. Ekki er víst að þetta sé hundrað ára gamalt hús en það er þó hluti af minjarlandslagi Lágafells og hefur nokkurt minjagildi. Hugsanlega er þetta vatnsgeymar frá hernum.

Nr.	2840-1905	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	234-11	Jarðatalsnr.	234
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Kirkja	Tegund	Hús	Flokkun	Trúalegar minjar		
Sérheiti	Lágafell	Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		
Ástand	Illgreinanlegar fornleifar		Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök		
Aldur	1500-	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Túnakort 1916		Örnefnaskrá				
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	368119,1190						
Isnet N	409379,4270		Minjagildi				
			Mikið				
Ljósmyndari	RT		Mótvægisaðgerðir				



Fyrstu vísbendingu um bænhús eða kirkju að Lágafelli er að finna í Fógetareikningum þar sem greint er frá tveimur kirkjukúgildum að Lágafelli og að séra Jón hafi fengið landskuldina eða eina kú í kaup. Í reikningum frá árunum 1547-1548 segir: „Jtem med Lagefeldt ij kyrckequeulld. landskyldt en ko. thenne tog sere loen ij sin kop.“13 Í reikning. frá 1548-1549 er orðalagið nánast eins: „Jtem mett Lagefeldt ij kyrckequeullder landskyldt j c tog sere lon thene ko j sit kop.“14 Í reikningum frá 1549-1550 segir síðan: „Jtem mett Lagefeldt ij kirkekior landskyldt er j c. tog sere lon thene landskyldt j sit kop.“15 Séra Jón var Bárðarson og áður prestur í Gufunesi. Hann fékk byggingarbréf eða „lífsbréf“ frá konungi fyrir ábýlisjörð sinni, Lágafelli, árið 1547.16 Í kirknamáldögum frá því um 1600 kemur fram að bænhús og kirkjukúgildi hafi verið bæði að Lágafelli og Varmá en að þau séu aflögð.17 Einungis eru því heimildir um kirkju á Lágafelli um miðja 16. öld og gæti það bent til þess að notkun hennar hafi einskorðast við stutt tímabil. Óljóst er hvar þessi miðaldakirkja hefur verið staðsett en væntanlega hefur kirkjustæðið verið nálægt bæjarstæðinu. Fjarri fer því að kirkja hafi verið samfelld á Lágafelli allt frá 16. öld en hins vegar var ráðist í byggingu nýrrar kirkju árið 1887 og var hún vígð 1889. Lágafellskirkja var endurbyggð og endurvígð árið 1931 og aftur á sjötta áratugnum og stendur hún enn.

Nr.	2840-1906	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	234-11	Jarðatalsnr.	234
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Kirkjugarður	Tegund	Kirkjugarður	Flokkun	Trúalegar minjar		
Sérheiti	Lágafellskirkjugarður	Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand		Hættumat		Hættuorsök	
Aldur	1500-	Horfin	Nei	Horfin ástæða	
Leið			Umhverfi		
Lengd		Breidd		Hæð	
		Hleðslu umferð			
Túnakort	Túnakort 16	Örnefnaskrá			
Mæling	Uppmæling	Heimildir			
Isnet E	368099,7260				
Isnet N	409398,8570	Minjagildi	Mikið		

Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir	
-------------	--	------------------	--

Lágafellskirkja var endurbyggð og endurvígð árið 1931 og aftur á sjötta áratugnum og stendur hún enn og er kirkjurgarðurinn en í notkun. Sjá [2840-1905]

Nr.	2840-1985	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	234-6	Jarðatalsnr.	234
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Þingsstaður	Tegund	Heimild	Flokkun	Þingminjar		
Sérheiti		Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Horfið	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur		Horfin		Horfin ástæða			
Leið			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	368088,0289						
Isnet N	409450,085		Minjagildi				
Ljósmyndari			Mótvægisaðgerðir				

Þórður Jónasson segir í sýslulýsingu árið 1852 að á Lágafelli sé þingstaður fyrir Mosfellssveitarhrepp.

Nr.	2840-1986	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	234
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Traðir/heimreið	Tegund	Heimild	Flokkun	Samgönguminjar		
Sérheiti		Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Horfnar	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Já	Horfin ástæða	Sléttað yfir og vegur yfir		
Leið		Umhverfi					
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Túnakort 1916	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling/kort	Heimildir	Túnakort 1916 og HerforingjaráðskortiDana frá árinu 1909				
Isnet E	368064,533						
Isnet N	409506,6				Minjagildi	Ekki metið	
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir					



Á herforingjaráðskorti frá árinu 1909 virðist heimreiðin að Lágafelli beygja suðvestur frá aðalleið [1902]. Á túnakorti frá 1916 eru hins vegar sýndar traðir sem liggja suðaustur um túnið meðfram giljum og brekkum, að bæjarhúsum og áfram austur að kirkjunni. Ekkert sést lengur af þessum tröðum.

Nr.	2840-1987	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	234-14	Jarðatalsnr.	234
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	17.11.2021	Skráning	RT
Hlutverk	Útihús	Tegund	Heimild	Flokkun	Búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	1850-1920	Horfin	Já	Horfin ástæða	vegna vegagerðar		
Leið			Umhverfi	Undir bílaplaninu við kirkjuna			
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Túnakort 1916	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling/Túnakort		Heimildir				
Isnet E	368110,5449						
Isnet N	409440,7320		Minjagildi	Ekki metið			

Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir	
-------------	--	------------------	--

Túnakort Lágafells sýnir stakt torfhús, líklega útihús, austan við bæjarhúsin og norðan við kirkjuna. Tóft hússins var enn greinileg við fornleifaskráningu 1980 en er nú horfin og hefur líklega farið undir bílaplanið við kirkjuna.

Nr.	2840-2190	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	234
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	17.11.2021	Skráning	RT
Hlutverk	Skálahverfi	Tegund	Heimild	Flokkun	Herminjar		
Sérheiti	Lágafell Camp	Verndun	Annað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Ekki sést til minja	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	1940-1945	Horfin	Já	Horfin ástæða	Undir byggð		
Leið			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort			Örnefnaskrá				
Mæling			Heimildir				
Isnet E							
Isnet N			Minjagildi	Ekki metið			
Ljósmyndari			Mótvægisáðgerðir				



Á stríðsárunum komu Bretar og Bandaríkjamenn upp herbúðum víðs vegar um Mosfellssveit og leigði herliðið meðal annars stórhýsi við Hlíðartún sem Thor Jensen hafði byggt fyrir kúabúskap. Þar var herinn með birgðageymslur og verkstæði fyrir tæknibúnað, ökutæki og vopn og nefndust búðirnar Lágafell Camp. Þetta var ofarlega á því svæði sem síðar varð Hlíðartúnshverfi milli Lágafells og Úlfarsfells; sjálft stórhýsið stóð þar sem göturnar Rauðamýri og Hamratún eru nú. Búðirnar eru alveg horfnar undir íbúðarhúsabyggð.

Nr.	2840-2553	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	234
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	17.11.2021	Skráning	HJH
Hlutverk	Óþekkt	Tegund	Tóft	Flokkun	Búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	1500-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið			Umhverfi				
Lengd	8.7	Breidd	12	Hæð	1.2	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling		Heimildir	Engar heimildir			
Isnet E	368444,782						
Isnet N	409306,109		Minjagildi	Lítið			

Ljósmyndari	HJH	Mótvægisaðgerðir	Könnunarskurð /borkjarna
-------------	-----	------------------	--------------------------



Tvær tóftir eru austan við Lágafellskirkju, rétt neðan eða sunnan við göngustíg. Þær eru nokkurn veginn miðja vegu milli kirkjunnar og Krikahverfis, íbúðarhúsaðverfis undir austurhlíðum Lágafells. Vestri tóftin [2840-2553] hefur nánast hringlaga form og virðist vera inngangur á henni sunnan megin. Eystri tóftin [2840-2554] er meira sporöskjulaga og eru op á henni bæði sunnan og norðan megin. Hleðslugrjót er ekki sýnilegt. Óvíst er hvaða tilgangi þessi mannvirki hafa þjónað. Þau hafa væntanlega annað hvort tengst búskapnum á Lágafelli eða umsvifum hersins á svæðinu. Ekki er heldur gott að segja til um aldur en þessar minjar geta varla talist hafa mikið minjagildi.

Nr.	2840-2554	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	234
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	17.11.2021	Skráning	HJH
Hlutverk	Óþekkt	Tegund	Tóft	Flokkun	Búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafells		

Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	1500-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið			Umhverfi				
Lengd	8	Breidd	13	Hæð	0.8	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling		Heimildir	Engar heimildir			
Isnet E	368481,284						
Isnet N	409301,7469		Minjagildi	Lítið			

Ljósmyndari	HJH	Mótvægisaðgerðir	Könnunarskurð /borkjarna
-------------	-----	------------------	--------------------------



Tvær tóftir eru austan við Lágafellskirkju, rétt neðan eða sunnan við göngustíg. Þær eru nokkurn veginn miðja vegu milli kirkjunnar og Krikahverfis, íbúðarhúsahverfis undir austurhlíðum Lágafells. Vestri tóftin [2840-2553] hefur nánast hringlaga form og virðist vera inngangur á henni sunnan megin. Eystri tóftin [2840-2554] er meira sporöskjulaga og eru op á henni bæði sunnan og norðan megin. Hleðslugrjót er ekki sýnilegt. Óvíst er hvaða tilgangi þessi mannvirki hafa þjónað. Þau hafa væntanlega annað hvort tengst búskapnum á Lágafelli eða umsvifum hersins á svæðinu. Ekki er heldur gott að segja til um aldur en þessar minjar geta varla talist hafa mikið minjagildi.

Nr.	2889-1898	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	2889-1898	Jarðatalsnr.	234
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Bæjarstæðið	Tegund	Heimild/hóll	Flokkun	Búsetuminjar		
Sérheiti	Lágafell	Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1300-1900	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða	Undir bílaplani		
Leið			Umhverfi	Hluti bæjarhúsa undir kirkjugarðinum			
Lengd	37 m	Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Túnakort 1916	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Bjarki Bjarnason & Magnús Guðmundsson, Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár, 258-259.				
Isnet E	368072,287	Minjagildi					
Isnet N	409433,512						
Ljósmyndari	RT	Mótvægisaðgerðir					



Af ritheimildum að dæma hefur verið samfelld byggð á Lágafelli að minnsta kosti frá því á 14. öld. Á ljósmynd sem tekin var af Lágafellsbænum árið 1895 sést að þá voru þar enn torfhús en samkvæmt túnakorti frá 1916 og ljósmynd frá fyrri hluta 20. aldar höfðu þar hins vegar verið byggð þrískipt steinhús á þeim tíma. Á túnakortinu sjást líka útihús [2889-1899] með áfastri rétt sem stóðu vestar en bæjarhúsin. Kálgarðar eru norðan og sunnan við húsin. Nú eru bæði torfhúsin og steinhúsin horfin og sléttað hefur verið yfir gamla bæjarstæðið [2889 -1898] á Lágafelli. Hluti þess er undir kirkjugarðinum og sennilega undir veginum að kirkjunni. Á vettvangi eru greinilegar mannvistarleifar þó heilmikil holl [2889-1898] rétt neðan við veginn og kirkjuna. Útihúsin [2889-1899] stóðu að vísu þarna þegar túnakortið var gert en miðað við umfang hólins má ætla að hann geymi bæði eldri minjar og lengri sögu. Svæðið í kring er einnig mjög ójafnt og gætu byggingaleifar leynst undir sverði. Mikilvægt er að vernda hólinn vegna þeirra minja sem hann kann að geyma og einnig þarf að fara varlega í nánasta nágrenni hans.

Nr.	2889-1899	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	234-13	Jarðatalsnr.	234
Svæði	Lágafellstún	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Útihús/fjós	Tegund	Hóll	Flokkun	Búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1300-1900	Horfin	Já	Horfin ástæða	Sléttað yfir		
Leið			Umhverfi	Gróin hóll með ójöfnum.			
Lengd	84 m	Breidd	58 m	Hæð			
Túnakort	Túnakort 1916	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	368034,837						
Isnet N	409465,526						
Ljósmyndari	RT	Mótvægisaðgerðir					



Á vettvangi eru greinilegar mannvistarleifar, heilmikil hóll [2889-1898] rétt neðan við veginn og kirkjuna. Útihúsin [2889-1899] stóðu að vísu þarna þegar túnakortið var gert en miðað við umfang hólsins má ætla að hann geymi bæði eldri minjar og lengri sögu. Svæðið í kring er einnig mjög ójafnt og gætu byggingaleifar leynst undir sverði. Mikilvægt er að vernda hólinn vegna þeirra minja sem hann kann að geyma og einnig þarf að fara varlega í nánasta nágrenni hans.

Nr.	2889-1900	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	234
Svæði	Lágafellstún	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Byrgi	Tegund	Niðurgröftur	Flokkun	Herminjar		
Sérheiti		Verndun	Annað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Greinanlegar minjar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1940-1945	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið		Umhverfi	Innan túns hæst á grónum hól				
Lengd	3,5 m	Breidd	3,1 m	Hæð	0,90 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	367942,847						
Isnet N	409489,706	Minjagildi					Mikið

Ljósmyndari	RT	Mótvægisaðgerðir	
-------------	----	------------------	--



Skotbyrgi er á hæsta hólnum í túninu á Lágafelli, vestan við bæjarstæðið og austan við Vesturlandsveg. Byrgið er 3,5 x 3,1 m á lengd og breidd, næstum hringlaga og að mestu niðurgrafið, en smáir veggir í kring sem gætu hafa myndast af uppmokstrinum. Hermenn í skotbyrginu hafa haft gott útsýni yfir Mosfellssveit. Skotbyrgið er mjög vel varðveitt og hefur bæði mikið minjagildi og fræðslu- eða upplifunargildi. Mynd af því má sjá á forsiðu skýrslunnar.

Nr.	2889-1902	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	2889-1902	Jarðatalsnr.	234
Svæði	Lágafellstún	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Leið	Tegund	Gata	Flokkun	Samgönguminjar		
Sérheiti		Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið		Umhverfi	Leið sem liggur í túninu.				
Lengd	344 m	Breidd	1,2 m	Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Túnakort 1916	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	367891,927						
Isnet N	409380,511						
		Minjagildi	Nokkuð				
Ljósmyndari	RT	Mótvægisaðgerðir					



Á túninu er að finna nokkrar leiðir eða slóða. Einhverjar þeirra eru eftir veru hersins á svæðinu. Ekki voru allir smáslóðar mældir inn enda sumir frekar ógreinilegir. Leið [2889-1902] er hins vegar ágætlega varðveitt og fer í gegnum allt túnið að bæjarstæðinu og útihúsinum. Þetta eru þó ekki traðirnar að Lágafelli sem voru norðan megin. Keyrt hefur verið eftir veginum en kannski var hann upphaflega reiðvegur. Þetta gæti verið vegurinn sem á *Herforingjaráðskorti Dana* frá árinu 1909 sést liggja norðaustur milli Lágafells og hjáleigunnar Lækjarkots, austur um túnið að Lágafelli og svo áfram austur að Suður-Reykjum og Reyjakoti; kvísl [2720-2546] frá honum liggur einnig norður að Varmá. Vegurinn milli Lágafells og Lækjarkots er einnig merktur inn milli túna bæjanna á túnakortinu árið 1916. Þetta er sennilega gömul gata sem hefur verið hluti af samgöngukerfi Mosfellssveitar og felst minjagildi hennar einkum í því.

Nr.	2889-1907	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	2889-1907	Jarðatalsnr.	234
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Óþekkt	Tegund	Rutt svæði	Flokkun	Herminjar		
Sérheiti	Lágafell Camp	Verndun	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Greinanlegar minjar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1940-1945	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið		Umhverfi	Rétt norðan við skotbyrgið í grónu grasi				
Lengd	6 m	Breidd	4 m	Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	367942,6350						
Isnet N	409498,93						
Ljósmyndari	RT	Mótvægisaðgerðir					



Rétt neðan við skotbyrgi [2889-1900] er sléttur upphækkaður flötur, um 6 m langur og 4 m breiður. Hugsanlega hefur verið pallur þarna eða lítið hús og virðast minjarnar vera mjög ungar. Sennilega tengjast þær veru hersins á Lágafelli.

Nr.	2889-1908	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	2889-1908	Jarðatalsnr.	234
Svæði	Lágafellstún	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Túngarður	Tegund	Garðlag	Flokkun	Búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök			
Aldur	1700-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið		Umhverfi	Garðurinn er rétt utan túns.				
Lengd	87	Breidd	1,2	Hæð	0,4	Hleðslu umferð	
Túnakort	Túnakort 1916	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	368017,5229						
Isnet N	409612,6610	Minjagildi					
Ljósmyndari		Mótvægisaðgerðir					




Túnakortið frá 1916 sýnir túngarð eða girðingu utan um allt túnið á Lágafelli, nema hvað fellið er norðan megin með grösugum giljum og brekkum. Svo virðist sem sléttað hafi verið úr honum að mestu en leifar sjást þó af honum og skýrastar [1908] eru þær á frekar blautu og þýfðu svæði rétt utan hins sléttaða túns.

Hugsanlega hefur þarna verið nátthagi [2889-1913] sem greint var frá við fornleifaskráningu 1980 en ekki hefur verið unnt að staðsetja með vissu. Guðmundur Þorláksson, bóndi á Seljabrekku (f. 1894), mundi eftir nátthaga á Lágafelli á nokkuð stóru svæði, upp undir hektara, sem var girtur af með gördum og skurðum. „Það var stunginn skurður allt í kring og það sem upp úr honum kom var hlaðið í garða.“25 Svo virðist einmitt sem stungið hafi verið upp norðan við túngarðinn þarna þegar hann er hlaðinn og hann girðir líka lítinn hvamm. Niður í hvamminn liggur auk þess gata [2889-1911] frá bæjarstæðinu og útihúsum. Fyrir utan túngarðsbrotið við hvamminn virðist mega greina annað túngarðsbrot [2889-1912] á loftmynd rétt ofan við skotgröf [2889-1901]. Þessi túngarðsbrot eru vafalítið gömul og hafa mikilvægt minjagildi sem hluti af búsetulandslagi Lágafells. Þau eru hins vegar ógreinileg í landslaginu og hafa því lítið upplifunargildi fyrir almenning.

Nr.	2889-1910	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	234-7	Jarðatalsnr.	234
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Bæjarhóll	Tegund	Heimild	Flokkun	Búsetuminjar		
Sérheiti	Lækjarkot	Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Ekki sést til fornleifa		Hættumat		Hættuorsök	
Aldur	1850-1930	Horfin	Já	Horfin ástæða	Vegna byggingar	
Leið			Umhverfi	Alveg horfið undir byggð og vesturlandsveg		
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð
Túnakort	Túnakort 1916	Örnefnaskrá	GRG. Örnefnalýsing Lágafells. ÖS 1976			
Mæling	Uppmæling		Heimildir	Björn Bjarnasson. 1938		
Isnet E	367711,277					
Isnet N	409472,827		Minjagildi			
Ljósmyndari	Túnakort 1916	Mótvægisáðgerðir				



Kotið er ekki nefnt í Jarðatali J. Johnsens 1847 en síra Stefán Þorvaldsson getur þess í „Lýsingu Mosfells- og Gufunessókna 1855“ sem hjáleigu frá Lágafelli „sem stundum er byggð“.26 Í Nýrri jarðabók frá 1861 er Lágafell talin 20 hundraða jörð samkvæmt fornu mati en 24,40 hundruð samkvæmt nýju mati og 28,70 hundruð með hjáleigunni Lækjarkoti.27 Samkvæmt því hefur hjáleigan verið 4,30 ný hundruð. Á túnakorti frá 1916 er kotbýlið sýnt ásamt garðlagi og tóft frá útihúsi suðvestan við bæjarstæði Lágafells. Ekki hefur verið hlaðinn túngarður umhverfis túnið en girt meðfram vegi [2889 -1902] sem liggur austan þess.28 Kotið virðist enn hafa verið í ábúð þegar túnakortið var gert en hefur lagst af einhvern tímann fyrir árið 1922 þegar fasteignabók var tekin saman og þá verið lagt undir Lágafell.29 Samkvæmt örnefnalýsingu 1976 var Lækjarkot „býli neðanvert við Lágafell.“30 Einnig kemur fram að lækur sem rennur um túnið á Blíkastöðum heiti neðst Lækjarkotslækur en ofar Lágafellslækur.31 Engin ummerki hafa fundist um Lækjarkot. Það hefur verið nálægt núverandi farvegi Vesturlandsvegur og gæti hafa farið undir hann.

Nr.	2889-1911	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	2889-1911	Jarðatalsnr.	234
Svæði		Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Leið	Tegund	Gata	Flokkun	Samgönguminjar		
Sérheiti		Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Leið			Umhverfi	Leiðir sem liggja frá bænum í norður			
Lengd	69 m	Breidd	0,8	Hæð			
				Hleðslu umferð			
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	367995,913						
Isnet N	409534,489						
				Minjagildi	Nokkuð		
Ljósmyndari	RT	Mótvægisaðgerðir					



Leið eða slóði liggur niður í smáan hvamm með túngarði [2889-1908] upp að útihúsum [2889-1899] og bæjarstæði [2889-1898]. Þetta er að öllum líkindum gömul gata og hefur hún minjagildi sem hluti af búsetulandslagi Lágafells.

Nr.	2889-1912	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	2889-1912	Jarðatalsnr.	234
Svæði	Lágafellstún	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Túngarður	Tegund	Garðlag	Flokkun	Búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Illgreinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Vegna framkvæmda		
Aldur	1700-1900	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða	Sléttað yfir		
Leið			Umhverfi	Vestan í túninu sést varla á vettvangi			
Lengd	50	Breidd	2	Hæð			
Túnakort	Túnakort 1916	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	367869,933						
Isnet N	409445,813		Minjagildi				
Ljósmyndari			Mótvægisaðgerðir				

Túnakortið frá 1916 sýnir túngarð eða girðingu utan um allt túnið á Lágafelli, nema hvað fellið er n orðan megin með grösugum giljum og brekkum. Svo virðist sem sléttað hafi verið úr honum að mestu en leifar sjást þó af honum og skýrastar [2889-1908] eru þær á frekar blautu og þýfðu svæði rétt utan hins sléttaða túns. Hugsanlega hefur þarna verið nátthagi [2889-1913] sem greint var frá við fornleifaskráningu 1980 en ekki hefur verið unnt að staðsetja með vissu. Guðmundur Þorláksson, bóndi á Seljabrekku (f. 1894), mundi eftir nátthaga á Lágafelli á nokkuð stóru svæði, upp undir hektara, sem var girtur af með gördum og skurðum. „Það var stunginn skurður allt í kring og það sem upp úr honum kom var hlaðið í garða.“

Nr.	2889-1913	Bæjarnafn	Lágafell	Gömul nr.	234-2	Jarðatalsnr.	234
Svæði	Lágafellstún	Sveitarfélag	Mosfellsbær	Dagur	19.12.2017	Skráning	RT
Hlutverk	Nátthagi	Tegund	Heimild	Flokkun	Búsetuminjar		
Sérheiti		Verndun	Friðað	Verkefni	Deiliskipulag Lágafell		

Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Já	Horfin ástæða	Sléttað yfir ?		
Leið			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	368057.73						
Isnet N	409587.894		Minjagildi				
Ljósmyndari	RT	Mótvægisáðgerðir					



Hugsanlega hefur þarna verið nátthagi [2889-1913] sem greint var frá við fornleifaskráningu 1980 en ekki hefur verið unnt að staðsetja með vissu. Guðmundur Þorláksson, bóndi á Seljabrekku (f. 1894), mundi eftir nátthaga á Lágafelli á nokkuð stóru svæði, upp undir hektara, sem var girtur af með görðum og skurðum. „Það var stunginn skurður allt í kring og það sem upp úr honum kom var hlaðið í garða.“25 Svo virðist einmitt sem stungið hafi verið upp norðan við túngarðinn þarna þegar hann er hlaðinn og hann girðir líka lítinn hvamm. Niður í hvamminn liggur auk þess gata [2889-1911] frá bæjarstæðinu og útihúsum. Fyrir utan túngarðsbrotið við hvamminn virðist mega greina annað túngarðsbrot [2889-1912] á loftmynd rétt ofan við skotgröf [2889-1901]. Þessi túngarðsbrot eru vafalítið gömul og hafa mikilvægt minjagildi sem hluti af búsetulandslagi Lágafells. Þau eru hins vegar ógreinileg í landslaginu og hafa því lítið upplifunargildi fyrir almenning.



Loftmyndir ehf.



Antikva

Lágafell
Fornleifar
Kort nr 1

Vettvangsskráning: RT, RKT og HJH
Kortagerð: HJH



Loftmyndir ehf.



Antikva

Lágafell
Fornleifar
Kort nr 2

Vettvangsskráning: RT og RKT
Kortagerð: HJH



Loftmyndir ehf.



Antikva

Lágafell
Fornleifar
Kort nr 3

Vettvangsskráning: RT og RKT
Kortagerð: HJH



Loftmyndir ehf.

1907

1900

1911

1912

1901

1902

1902

0 10 20 m

Antikva

Lágafell
Fornleifar
Kort nr 4

Vettvangsskráning: RT og RKT
Kortagerð: HJH



Loftmyndir ehf.



Antikva

Lágafell
Fornleifar
Kort nr 5

Vettvangsskráning: RT og RKT
Kortagerð: HJH



Loftmyndir ehf.



Antikva

Lágafell
Minjar [2348] [2349] og [2350]
Kort nr 6

Vettvangsskráning: RT og RKT
Kortagerð: HJH



Loftmyndir ehf.




2553



2554

2554

0 10 20 m



Antikva

Lágafell
Fornleifar
Kort nr 7

Vettvangsskráning: HJH
Kortagerð: HJH



Loftmyndir ehf.



Antikva

Lágafell
Fornleifar
Kort nr 8

Vettvangsskráning: RT og RKT
Kortagerð: HJH



Loftmyndir ehf.



Antikva

Lágafell
Skotgröf [1901]
Kort nr 9

Vettvangsskráning: RT og RKT
Kortagerð: HJH



Loftmyndir ehf.



1904

0 5 10 m

Antikva

Lágafell
Vatnsgeymir [1904]
Kort nr 10

Vettvangsskráning: HJH
Kortagerð: HJH



Loftmyndir ehf.



Antikva

Lágafell
Minjar [2348]■ og [2349]
Kort nr 11

Vettvangsskráning: RT og RKT
Kortagerð: HJH



Loftmyndir ehf.




Antikva

Lágafell
Fornleifar
Kort nr 12

Vettvangsskráning: RT, RKT og HJH

Kortagerð: HJH



Antikva

Lágafell
Skipulagssvæðið og minjar innan þess
Kort nr 13

Vettvangsskráning: RT, RKT og HJH
Kortagerð: HJH